

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 5.nóvember 2012
RH/SLB/046/2012

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007, með síðari breytingum – 36. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 26. október 2012 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að heimilað verði að greiða öðrum en bótaþega styrk eða uppbót til bifreiðakaupa, svo sem foreldrum eða nánum ættingjum, þrátt fyrir að viðkomandi hafi ekki sama lögheimili og bótaþegi. Skilyrði er að nægilega hafi verið sýnt fram á nauðsyn styrks eða uppbótar og að staðfesting þess efnis fái frá heimilislækni bótaþega og félagsmálastjóra viðkomandi sveitarfélags.

Samkvæmt reglugerð nr. 170/2009, um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða, er heimilt að greiða uppbætur/styrki til hreyfihamlaðra einstaklinga að nokkrum skilyrðum uppfylltum. Eitt af þeim skilyrðum er að umsækjandinn sjálfur, eða heimilismaður hans, hafi ökuréttindi. Með þeirri reglugerð var m.a. rýmkað ákvæði er varðaði stærri styrkinn en til ársins 2009 var gerð krafa um það að hinn hreyfihamlaði hefði sjálfur ökuréttindi og sé í vinnu eða skóla. Með ofangreindum tillögum er því enn verið að rýmka skilyrðin fyrir því að eiga rétt á styrk eða uppbót til bifreiðakaupa.

Með þessari breytingu leyfir Tryggingastofnun sérstaklega að benda á að umrætt ákvæði er andstætt þeirri meginreglu að bætur vegna tiltekins bótaþega eigi að greiðast bótaþega sjálfum. Það er einnig gegn þeirri þróun sem verið hefur verið til margra ára sem er að stuðla að sjálfstæði bótaþegans/hins hreyfihamlaða. Það verður að teljast óeðlilegt að 3ji aðili geti öðlast bótarétt á grundvelli hreyfihömlunar einhvers annars aðila.

Ef vilji er til þess að fjölskylda og/eða vinir eigi auðveldara með að aka hinum hreyfihamlaðra væri eðlilegra að víkka núgildandi ákvæði í reglugerð um að heimilt sé að annar en hinn hreyfihamlaði eða heimilismaður aki bifreiðinni.

Nefna má þó að í 4. gr. eldri reglugerður nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, var heimilað að veita uppbót/styrk vegna bifreiðakaupa þó að umsækjandi sjálfur hefði ekki ökuréttindi, ef að sérstakar aðstæður væru fyrir hendi, til tveggja sérstaklega tilnefndra ökumanna og þeir þurftu ekki að vera heimilismenn umsækjanda. Þessu ákvæði var breytt síðar, m.a. vegna þess að nokkuð var um misnotkun á þessari heimild.

Í framangreindu frumvarpi er auk þess margt óljóst. Fyrst má nefna að hugtakið bótaþegi er notað um umsækjendur á uppbót/styrk til bifreiðakaupa jafnvel þó að einungis uppbót til bifreiðakaupa skv. 1. mgr. 10. gr. er bundin við að umsækjandinn sé bótaþegi, en heimilt er að veita styrk skv. 3. mgr. 10. gr. til hreyfihamlaðs einstaklings þó að hann njóti ekki bóta frá Tryggingastofnun. Einnig er ekki ljóst hvaða nauðsyn heimilislæknir bótaþegans og félagsmálastjóri eiga að staðfesta. Hreyfihömlunarmatið er núna gert af læknum Tryggingastofnunar sem byggja á læknisvottorðum fengnum frá sérfræðingum, sem eru stundum heimilislæknar umsækjandans, og er erfitt að sjá að hvað staðfesting þeirra tveggja aðila sem taldir eru upp í ákvæðinu bæti við það mat nema að þeir eigi að staðfesta einhverja sérstaka þörf sem ekki kemur fram hver er. Staðfesting félagsmálastjóra viðkomandi sveitarfélags bendir til þess að ætlunin sé að meta félagslegar aðstæður hins hreyfihamlaða. Skv. reglunum í dag er ekki litið til félagslegra aðstæðna heldur er skýrt að miðað er við læknisfræðilegar forsendur.

Að síðustu má nefna að nýverið skipaði Velferðarráðuneytið nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða lög og reglur um bifreiðakaup hreyfihamlaðra í heild sinni. Eðlilegt væri að sú nefnd skoðaði þær hugmyndir er hér hafa komið fram.

Virðingarfyllst,



Ragna Haraldsdóttir
Framkvæmdastjóri Stjórnsýslusviðs